

## **Veiðiþrófsreglur fyrir tegundir sem tilheyra meginlandshundum.**

### **REGLUR um akur, skógar og heiðarpróf, ræktunarpróf fyrir meginlandshunda**

**Gilda frá 01.01.2019 -30.06.2022**

(Veiðiþróf)

#### **§ 1 Tilgangur**

Tilgangur prófa á veiðum og veiðarprófum á meginlandshundum Hunt point retrieve HPR- ræktun, undir stjórn deilda fyrir HPR-tegundir er að meta getu hunda til að veiða í þágu sértækrar ræktunar og meðferðar á bráð og einnig stuðla að því að bæta veiði menningu með því að örva eigendur til að þjálfa hundana sína. Prófin og prófanirnar verða að endurspeglar raunverulega veiði.

Hæfni hundsins sem er bendihundur ætti að meta á akri, skógi eða heiði á fugl sem er almennt veiddur með bendihundum. Á Íslandi felur þetta í sér löglega veidda bráð samkvæmt íslenskum lögum\*. Önnur bráð getur einnig uppfyllt skilyrði. Leyfileg bráð á prófdegi skal vera ákvörðuð fyrir prófdag. Þar sem við á skal einnig prófa getu hundsins til að finna og sækja kalda eða ferskt dauða eða særða bráð í vatni og landi. Þessi hluti prófsins getur falið í sér aðrar tegundir bráðar en þær sem tilgreindar eru fyrir veiði.

#### **§ 2 Félagið/deildin/klúbburinn**

Veiðiþróf eru auglýst af deildum/klúbbunum fyrir HPR-tegundir, skipulögð af deildum/klúbbum fyrir HPR-tegundir og framkvæmt annað hvort af klúbbi fyrir HPR-tegundir eða af ræktunardeild sem tilheyrir HRFÍ.

Hægt er að framkvæma veiðiþrófin annaðhvort sem skipt eða "fullt próf" með öllum liðum (köld bráð sótt á landi, spor, köld bráð sótt í vatni og á vettvangi/veiðum með því að sækja kalda eða ferska bráð á veiðitímabilinu) á sama prófi eða sem "skipt próf" með kalda bráð sótt á landi og í vatni við eitt tækifæri og vettvangsvinna/veiðar á öðru þar sem fugl er sóttur .

Fyrir kyn sem hafa kröfur um kaldabráð sótt á landi eða í vatni eða bæði (sjá sérstakar reglur um mismunandi kyn hér að neðan) þarf að prófa þann hluta áður en veiðihluti skiptisprófs er framkvæmdur (Gult kort þarf við raunverulegar veiðar í svíþjóð á aðeins við þar)\*.

Ekki er hægt að nota niðurstöður úr sækisprófi með kaldabráð úr skiptu prófi á fullum prófum með kaldabráð, sækji niðurstöður sem fengnar eru með fullri prófun má nota í samsetningu við vettvangsvinnu og sækispróf til að fá niðurstöður úr skiptum prófum. Einnig, ef kröfurnar fela í sér fleiri en eina kalda bráð, sækja þarf tvær eða þrjár mismunandi prófanir á sama degi (deilt próf).

Fyrir veiðiþróf skal dagsetning og svæði vera samþykkt af deild/klúbbi fyrir HPR-tegundir. Deildin sem framkvæmir prófið skipar prófstjóra og, ef við á, framkvæmdastjóra og dómara með gild réttindi. Það er á ábyrgð HRFÍ að staðfesta heimild dómara sem ekki eru íslenskir en boðið er að dæma hér á landi. Deildin/klúbburinn fyrir HPR-tegundir biður um að þetta sé gert, með beiðni frá deildinni.

Leiðbeinendur varðandi svæði eru skipaðir þegar þörf krefur. Prófstjóri skal samþykktur af deildinni/klúbbnum sem heldur prófið, vera vel upplýstur um reglur og prastík hliðar þess og meðlimur í HRFÍ. Skipuleggjandi prófsins getur, þegar þörf krefur, takmarkað fjölda þátttakenda. Hverjum klúbbi er heimilt að halda eitt próf fyrir ákveðið kyn eða klúbbmeistaramót á ári þar sem þátttaka er eingöngu fyrir hunda af einu ræktunarkyni. Einstaklingar í klúbbunum geta, í gegnum deildina sína eða aðra deild fyrir HPR tegundir sem meðlimur, sótt um til deildarinnar að halda lokað próf eftir reglunum fyrir HPR tegundir (sænska: "sarskilt prov") sérstaktpróf samkvæmt prófreglunum. Leiðbeiningar fyrir lokuðpróf eru gefin út af deildum fyrir HPR tegundir.

### § 3 Þátttaka

Prófið er opið fyrir hundakyn sem tilheyra meginlandshundum og eru undir deildum fyrir HPR tegundir og hundum í tegundarhópi 7, kyn sem hafa ekki enn verið sett undir ákveðnar deildir hjá HRFÍ og eigendur þeirra eru meðlimir í deild fyrir HPR tegundir eða klúbbi/deild erlendis fyrir HPR tengundir eða jafngildi þeirra í öðru landi, tengdu hundaræktarfélagi sem viðurkennt er af HRFÍ svo lengi sem hundurinn:

a) er ekki og hefur ekki undanfarna sex mánuði verið í eigu (eða er sameign í eigu ræktunaraðila eða pörunaraðila) eða þjálfaður af prófstjóranum. Þetta á við um einn prófstjóra er að ræða. Ef það eru tveir eða fleiri prófstjórar (skipt ábyrgð) geta hundar í eigu prófstjóra tekið þátt ef það hefur verið samþykkt eftir að hafa sótt um til deildarinnar sem heldur prófið.

b) er ekki og hefur ekki undanfarna sex mánuði verið í eigu (eða er sameign í eigu ræktunaraðila eða pörunaraðila) eða þjálfaður af dómara prófsins eða dómáranema (sem tekur lokapróf fyrir dómara réttindi í sama prófinu) og mun taka þátt í hópnum sem dæmdur er af öðrum aðilanum.

c) er ekki, og hefur ekki undanfarna sex mánuði verið í eigu (eða er sameign í eigu ræktunaraðila eða pörunaraðila) þjálfaður af fjölskyldumeðlimi fólksins sem um getur í b) hér að framan

d) hefur ekki verið bannað að taka prófið af dýralækni vegna meiðsla eða sjúkdóms eða af prófstjóra eða dómara og telst vera í greinilega lélegu ástandi

e) er ekki grimmur við fólk, byssuhræddur eða árásargjarn gagnvart öðrum hundum

f) er ekki tík á lóða tímabilinu. Undantekningarnar geta verið gerðar af skipuleggjanda að því tilskildu að tíkin sé ekki að hafa áhrif á þátttöku annarra hunda.

g) uppfylli að öllu leyti kröfurnar sem HRFÍ setur fyrir þátttöku í veiðiprófum.

Hundur í eigu á Íslandi ættu að vera skráðir hjá HRFÍ þegar lokar fyrir skráningu á prófið.

Hundar sem eru í eigu einstaklinga sem búa utan Íslands verða að vera skráðir hjá HRFÍ eða öðru viðurkenndu félagi. Fyrir hunda utan Íslands skal afrit af skráningunni vera fest við prófskemað. Ef þessu er ekki fullnægt getur það haft áhrif á niðurstöðuna.

Eigendur hunda af tegundum sem hafa kröfur um prófanir á kaldri bráð ættu að koma með veiðitökukort (sænska: "Gult kort" á bara við í Svíþjóð\*) sem gefur til kynna gildar niðurstöður á prófunum sem krafist

er til að komast inn í veiðitímabilið. Kortið ætti að vera kynnt fyrir prófahaldara og niðurstöðurnar, sem slegnir eru inn á kortinu, skulu staðfestar af prófstjóra eða einhverjum sem prófstjóri tilnefni á hverju prófi fyrir sig. Prófstjórinn skal útvega veiðikort. Einnig er hægt að nálgast veiðiprófakort frá ræktunarfélaginu.

Prófstjórar eiga rétt á að takmarka fjölda skráninga í hvert próf. Hámarksfjöldi rás hunda er birtur opinberlega fyrir hvert próf. Ef fleiri hundar eru skráðir en það er pláss fyrir, er þátttaka ákvörðuð með úrdrætti. Sér úrdráttur ræður röð í keppnisflokki (Winner) sérstaklega frá öðrum flokkum (unghunda, opinn og Elite). Úrdráttur fyrir unghunda, opinn og Elite flokk er sameinaður í einn úrdrátt.

#### **§ 4 Skráning og skráningargjöld**

Skráningar skulu gerðar í samræmi við þann hátt sem deildin setur. Skráning ætti að liggja fyrir hjá skipuleggjanda á síðasta degi skráningar. Ef prófið er ekki fullt þegar skráningarfrestinum líkur getur skipuleggjandi valið að samþykkja skráningar eftir það.

Skráningargjaldið, sem deildin ákveður, ætti að vera greitt á þeim degi sem skráningarfrestr lýkur, nema annað sé tekið fram. Þáttökugjald er endurgreitt ef:

a) próf eru felld niður

b) Hindrun frá þátttöku, af hálfu eiganda, hefur verið staðfest. Í slíkum tilfellum er 75% af þáttökugjaldi skilað ef óskað er eftir því. 25% af þáttökugjaldi er alltaf haldið hjá deildinni/félaginu sem er að skipuleggja prófið.

c) Hundurinn fær ekki að taka þátt vegna fjöldatakmarkana.

Þátttakendur ættu að tilkynna forföll til prófstjóra eins fljótt og auðið er.

#### **§ 5 Rás röð**

Skipting í hópa er á valdi skipuleggjanda. Skipuleggjandi deildin/klúbburinn ákveður hópastærðina, allt eftir aðstæðum og öðrum viðeigandi þáttum. Í prófum þar sem gæði hundsins er prófuð gegn ræktunarmarkmiði (í unghunda, opnum og Elite) er hámarksfjöldi hunda á hvern hóp 14. Þegar hundar keppa á móti hvor öðrum (í keppnisflokki er hámarksfjöldi skráninga í einum hópi 20. Fyrir prófanir á skógarsvæði er hámarksfjöldi hunda á hvern hóp og dómara sjö.

Rásröð er ákvörðuð af úrdrætti af prófstjóra. Taka þar tillit til leiðanda sem er með fleiri en einn hund.

Ef leiðandi og hundur koma ekki tímanlega í próf þar sem þeirra próf eða rásröð er tímasett skal leitast við að finna annan tíma fyrir þá innan dags. Prófstjóri ákveður hvar það passar.

#### **§ 6 Einkunn og verðlaun, dómur skýrsla og skorablað**

Það er á ábyrgð dómarans að ákveða einkunnina / verðlaun fyrir hvern hund, gera athugasemdir og skila skýrslu innan þess tíma sem deildin/klúbburinn setur. Ef hundur er vanhæfur vegna lélegs skaps, eins og árásgargirni eða hegðun sem sýnir ótta (af fólki eða byssunni, osfrv.) Ætti það að vera tekið fram í

niðurstöðum (í þessu tilfalli skorblaði = "Generalprotokoll") og undirritað sérstaklega af dómara. Dómari ætti að veita munnlega og skriflega endurgjöf til þátttakenda eftir prófið, þar á meðal hunda sem ekki náðu prófinu.

## § 7 Ábyrgð dómara

Það er á ábyrgð dómara að framkvæma prófið í samræmi við fyrimæli og reglur sem prófasjóri leggur fyrir. Þegar dómara er boðið að dæma próf verður dómari, í gegnum skipuleggjandi deild/klúbb, að komast að því hvort fuglar hafi verið settir út á prófsvæðið. Ef svo er þá verður dómari, með skipuleggjandi deild, að ganga úr skugga um að bráðin hafi verið í samræmi við núverandi stefnu HRFÍ um meðferð bráðar, þar á meðal kröfur um hunda sem taka upp.

Ef dómara finnst á meðan prófi stendur að framkvæmd sé ekki í samræmi við stefnu HRFÍ er dómara skylt að spyrjast fyrir hjá prófstjóra hvort hægt sé að uppfylla skilyrðin, þar sem stefnu HRFÍ er fylgt. Þegar þetta er mögulegt skal dómari í samráði við prófstjóra skipta um svæði og klára prófið. Ef það er ekki mögulegt er dómara skylt að slíta prófi.

Dómari er leiðandi á hópnum og ætti þegar hann er að dæma hundana að treysta aðeins á eigin dómgreind, nema á prófum þar sem prófað er spor þar sem skýrsla frá tilnefndum fulltrúa er tekin með í dómi dómara.

Beiðni sem leiðandi hunds leggur fram ætti að vera uppfyllt þegar mögulegt er, að því tilskildu að þær stangast ekki á við veiðiprófsreglur eða á annan hátt eru óraunhæfar. Þar sem prófun á getu hundsins til að sækja á veiðum er mjög mikilvæg, varðandi að skjóta fugla fyrir hundinn getur dómari ákveðið að skipa fleiri en eina byssu.

## § 8 Mótmæli

Ákvörðun dómara, þ.mt hvernig hundur er dæmdur, má breyta í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef tæknilegur galli er fyrir hendi
- b) ef hundinum var ekki leyft að taka þátt í samræmi við gildandi reglur þess vegna getur leiðandi ekki mótmælt dómi dómara þar um. \*\*

Umdeildur úrskurður dómans er aðeins yfirfarin ef:

- 1) mótmæli hafa verið lögð fram af leiðanda sem varð fyrir umdeildum úrskurði/dómi
- 2) að skýrsla frá prófhaldara eða frá dómaramum sjálfum hefur ferð lögð fram
- 3) fyrir liggur ákvörðun stjórnar deildarinnar/klúbbsins fyrir HPR eða HRFÍ, til að takast á við málið af einhverjum öðrum ástæðum.

Mótmæli verða að vera skrifleg. Mótmælin verða að vera send til prófstjóra á prófdegi þeim degi sem dómurinn var gerður, áður en prófi lýkur og með verður að fylgja gjald sem samsvarar tvisvar sinnum summan af skráningargjaldi. Ef að mótmæli er lögð fram af einhverjum sem ekki hefur rétt til að gera það, eða ef með mótmælum fylgja ekki þessi föstu gjöld, verður mótmælunum strax hafnað. Slík ákvörðun er tekin af prófstjóra.

Ef mótmæli eru samþykkt er hægt að breyta skori / punktum / verðlaunum hundsins strax eða eftir að leiðanda hefur verið boðið endurtaka þraut hundsins og er mótmæla gjaldið er endurgreitt. Ef samþykkt á mótmælum leiðir til þess að skor/punktur / verðlaunin falla niður, sem hundinum er gefið, er greiðslugjaldið endurgreitt til viðbótar við mótmæla gjaldið. Skrifleg niðurstaða gefin leiðanda sem lagði fram mótmæli.

Leiðandi sem unir ekki ákvörðun prófstjóra getur áfrýja erindinu til stjórnar deildarinnar/klúbbsins fyrir HPR tegundir. Áfrýjun ætti að vera skrifleg og hafa náð til stjórnar deildarinnar/klúbbsins fyrir HPR tegundir ekki seinna en tveim vikum eftir prófdag eða ákvörðun prófstjóra. Ef erindinu er hafnað af stjórn deildarinnar/klúbbsins er kærandi aðila heimilt að vísa kærinni til Veiðiprófanefndar HRFÍ innan 30 daga frá því að hafa mótttekið niðurstöður frá stjórn deildarinnar/klúbbsins.

Einkunn / verðlaunum er hægt að breyta innan tveggja ára frá prófinu.

## § 9 Byssur og skot

Haglabyssur er venjulega notaður við próf á veiðum á veiðitímabili þar sem fugl er felldur. Þegar próf eru haldin á árstíma þegar skotveiði er ekki leyfileg er hægt er að nota 9 mm startbyssur í staðinn þegar sækja á kaldabráði. Sama tegund vopns ætti að vera notuð fyrir alla flokka á prófinu. Hver hópur ætti að hafa sérstaklega skipaða byssu sem notuð er til að skjóta samkvæmt leiðbeiningum dómara. Dómari getur séð um það skjóta.

## § 10 Flokkar og framkvæmd prófs

**Unghunda/ byrjendaflokkur** (sænska skammstöfun "UKL / NKL") er opin fyrir hunda sem á prófdeginum hafa náð 9 en ekki 24 mánaða aldri og sem hafa ekki tekið þátt í opna, Elite eða keppnisflokki. Fyrir öll kyn, nema Brittanies og Weimaraners, er þessi flokkur einnig opin öllum öðrum hundum eldri en 24 mánaða sem ekki hafa fengið einkunn á veiðiprófum.

**Opinn flokkur** (sænska skammstöfunin "ÖKL") er opin fyrir hunda sem hafa náð 15 mánaða aldri á prófdegi og hafa ekki fengið meira en eina 1.einkunn í opnum flokki samkvæmt þessum reglum eða með jafngildum prófum í öðrum löndum samþykktum af HRFÍ og sem hafa ekki tekið þátt í Elite eða keppnisflokki.

**Elite flokkur** (sænska skammstöfun "EKL")

**Fyrir kyn með kröfur um að sækja klada bráð á prófi:** Opið fyrir hunda sem hafa verið veitt 2x1 einkunn í opnum flokki (eða 1x1 einkunn með einkunn 8 eða hærra fyrir vettvangsvinnu) samkvæmt þessum reglum eða á samsvarandi prófum í öðrum löndum sem samþykkt eru af HRFÍ. (Sæki próf í Elite flokki er opið fyrir hunda sem ekki hafa enn fengið einkunn í opnum flokki).

**Fyrir kyn sem eru án kröfu um að sækja kalda bráð á prófi:** Opið fyrir hunda sem hafa verið veitt 1x1 einkunn í opnum flokki samkvæmt þessum reglum eða á jafngildum prófum í öðrum löndum sem HRFÍ hefur samþykkt.

Hundar sem eru hæfir til að taka þátt í Elite flokki mega ekki taka þátt í öðrum flokki en Elite eða keppnisflokki.

**Keppnisflokkur** (Svensk skammstöfun "SKL") er opinn fyrir hunda sem hafa hlotið 1x1 einkunn í opnum flokki samkvæmt þessum reglum eða á jafngildum prófum í öðrum löndum sem HRFÍ hefur samþykkt og er eingöngu keppnisflokkur. Til að skipuleggja keppnisflokk, þarf að lágmarki sex skráningar. Ef það eru færri en 20 skráningar er prófað á einum degi. Ef það eru fleiri en 20 skráningar er keppnin haldin yfir tvo daga og seinni dagurinn er tilgreindur "Keppnisflokks úrslit". Vinsamlegast athugið að aðeins keppnisflokkur er settur upp fyrir Bretona.

#### **Fyrir veiðiprófi í öllum flokkum:**

Hundar hlaupa í þörum, að undanskildum prófum á skógarsvæði þar sem einn hundur hleypur í einu. Dómari ákveður heildartíma hvers hunds í sleppi og mun stöðva prófið þegar hann / hún telur að hundurinn sé nægilega prófaður. Hundur sem tekur stand fljótlega eftir að dómari hefur beðið um að hundurinn verði tekinn inn getur fengið standinn inn í umsögn/metin.

Staðsetningar og/eða GPS tæki og bjöllur eða annan tæknibúnað má aðeins nota í prófum á skógarsvæðum með samþykki dómarans. Ef staðsetningar og/eða GPS tækjabúnaðar er notaður skal prófstjóri geyma stjórnækið yfir daginn þar til matið á hundinum er lokið.

Ekki má nota neina gerð leiðréttingar kraga eða eftirlíkingu af leiðréttingar kraga við prófanir eða próf.

#### **Leiðbeiningar um notkun tæknibúnaðar í prófum:**

Grundvöllur allra prófa er þekking, menntun og reynsla dómara um gerð veiðar og tegund prófa. Það er því mikilvægt að tæknibúnaði sé ekki skipt út fyrir þekkingu og reynslu dómarans við mat á hundinum / hundum. Dómari getur þó, þar sem það er viðeigandi, notað til dæmis GPS-kraga til að geta gefið hundinum sem réttast mat og mögulegt er. Nota skal tæknileg hjálpartæki á viðeigandi hátt þannig að það skaði ekki eða takmarki eðlilega hreyfingu hundsins. Ekki má nota hjálpartæki eins og ípróttatape, úða, frammistöðu aukandi lyf (sjá ábendingar um lyfjameðferð á Íslandi) osfrv. Mótorknúin ökutæki geta í undantekningum verið innifalin í hugtakinu tæknibúnaður og notuð til dæmis til að sækja hund á fljótlegan hátt ef hætta er á lífi eða heilsu hundar eða ef hundur veldur miklum skaða. Það kann einnig að gilda um aðstæður þar sem landslagið leyfir ekki sanngjarnt mat á hundinum. Á veiðiprófum þar sem bráð er felld er ekki heimilt að nota vélknúin ökutæki til að fylgja, elta eða styttu leið að bráð.

#### **§ 11 Skor**

Til þess að fá einkunn eða verðlaun þarf hundurinn að hafa fundið sjálfstætt fugl, tekið stand og reist fugl eins og við raunverulegar veiðiaðstæður þegar það er mögulegt, ásamt því að sýna stöðuleika við uppflug, skot og fall bráðar, ef það var skotið. Ef ekki hefur verið skotið í fuglamómenti getur hundurinn ekki fengið einkunn / verðlaun. Fyrir allar tegundir (nema Brittany) má bæta við stigum á vinnu/stand með bráð með feld (ekki klaufadýr) í mati hundsins en til þess að fá einkunn þarf einnig að sýna stand á fugl.

Til þess að fá 1. einkunn er þess krafist, í öllum flokkum, að heildarlengd hlaupa sé 60 mínútur. Til að fá verðlaun þarf að hlaupa 30 mínútur í heild. Fyrir 1. einkunn í hverjum flokki (unghunda, opnum, Elite) er þess krafist að hundurinn hafi reist amk einn fugl og það er æskilegt að fugl falli eða það sé kastað fyrir hundinn. Fyrir 1. einkunn er einnig æskilegt að hafa haft fleiri en eina fuglavinnu þar sem skotið hefur verið af byssu.

Heildarmat á hundinum þarf að vera afgerandi án þess að leggja mikla áherslu á minni háttar galla.

#### **Unghundaflokkur :**

Í dómi er fyrst og fremst áhersla á eiginleika eins og áhugastyrk (veiðiáhugi), hæfni til að finna bráð, hæfileiki til að ná sem mestum árangri miðað við aðstæður, náttúrulegt leitarmunstur og hversu góð samvinna við leiðanda er. Unghundar mega fara aðeins af stað þegar skotið er af byssu en ætti að vera nægilega þjálfður og samvinnufús til að hægt sé að dæma frá sjónarhóli veiðimanns.

#### **Opinn flokkur:**

Í þessum flokki er dómari að meta fullorðinn veiðihund. Bæði eiginleikar sem metnir eru í unghundaflokki og eiginleikar full þjálfðra hunda skulu fylgja með.

#### **Elite flokkur:**

Í þessum flokki ætti að meta full þjálfða hundinn og setja sérstaklega mikla kröfur um eiginleika hundsins.

#### **Keppnisflokkur:**

Til að fá verðlaun skal árangur hundsins vera jafngildur 1. Einkunn í opnum flokki nema í kröfu um að reisa fugl. Til þess að fá CAC eða CACIT miða þarf hundurinn að hafa reist fugl. Hundar fá uppgefna röð eftir hverja umferð. Loka umferð má setja upp þegar tveir síðustu hundar í loka úrslitum hafa ekki hlaupið á móti hvor öðrum fyrir um daginn.

### **Almennur grunnur til að mynda dóma, allir flokkar**

#### **Hæfni til að finna bráð**

Hæfni hundsins til að finna bráð vísar til að finna og meðhöndla bráð á þann hátt sem er viðeigandi fyrir veiði. Ef hundurinn endurtekið setur fugl í loftið án þess að benda/taka stand, tekur tóm standa, þá ætti það að gefa minus á hundinn á meðan skilvirkni ætti að verðlauna. Við mat á því hversu skilvirkur hundurinn hefur verið, skal íhuga hvort hinn hundurinn, þegar tveir hlaupa saman, hefur haft mínusa og plúsa.

#### **Veiðar**

Hundurinn ætti að veiða af ákafa, öflugt, á skilvirkan hátt og með háum gæðum í leit, aðlaga sig að þeirri grundu og bráð sem verið er að veiða með skýra löngun til að finna bráð.

Hundur sem er að veiða utan skipaðs svæðis skal kalla inn.

Sjálfstæð veiði þar sem hundurinn fer upp í vindinn, ætti að verðlauna.

## Standur

Hundurinn ætti að sýna ákveðinn stand og sýna skýrt að hann hafi fundið bráð.

Þegar hundur bendir á fugl sem byrjar að hlaupa fyrir framan hundinn ætti hundurinn ekki að vera kyrr á standi, heldur fylgja fuglinum sjálfkrafa og taka stand aftur á nýjum stað, þar sem þetta er hentugt fyrir veiði.

Hæfni hundsins til að halda bráð í stöðu á standi ætti að verðlaun.

Leiðandi getur látið dómarrann vita þegar hann / hún telur að hundurinn sé á stand en það er dómari sem ákveður hvort hundur sé í raun á stand eða ekki.

Standur á aðra bráð en þá fugla sem hundurinn á að veiða, refsar ekki hundinum svo lengi sem það er ekki hindrun fyrir því sem hundinum er ætlað að veiða.

## Reisning

Reisning og vinna á fuglinn ætti að vera viljug og þannig að það myndi virka í alvöru veiði. Hundurinn ætti að fylgja hlaupandi fugli þegar það er rétt. Þegar hundurinn er í nálægt fuglinum, þar á meðal þegar hundurinn er á standi, má leiðandinn ekki hafa áhrif á hundinn eða snerta hundinn, og hundurinn verður að reisa fuglinn sjálfstætt. Þegar fuglinn flýgur, skal hundurinn vera stöðugur.

Ef hundurinn er ófær eða alvarlega tregur til að framkvæma reisningu er ekki hægt að veita einkunn. Leiðandinn biður hundinn að reisa eftir leiðbeiningu dómara.

## Sókn

Sækivinna er **krafa** í öllum flokkum, að frátöldum unghundaflokki fyrir Brittannies. Því skal fara fram sókn á að minnsta kosti eina kalda bráð (af sömu tegundum og prófað er á) í hverjum hópi. Skotnir fuglar ættu að vera sóttir þegar það er mögulegt.

Ef fuglinn er ekki skotinn skal prófa hundinn með kaldri bráð nálægt því svæði sem reisning og skot fór fram, ef mögulegt er. Hundurinn ætti að vera laus og sitja u.þ.b. einn metir frá hlið leiðanda þegar kaldri bráð er kastað og skotið af byssu. Hundurinn ætti ekki að sjá fuglinn þegar hann hefur lent.

Hundurinn ætti, á skipun leiðanda, að leita fljótt að og sækja heita eða kalda bráð og skila í hönd leiðanda. Bráð skal skilað í sama ástandi og hundurinn fann hana.

Þegar geta hundsins til að sækja hefur verið prófuð á kalda bráð er það ekki endurtekið yfir daginn. Markmiðið er að skjóta fugl yfir hundinum (þegar leyft er) og hundurinn ætti að sækja heita bráð.

Þegar hundurinn er að leita í sókninni ætti leiðandi að vera passívur í fyrstu en getur, eftir fyrirmælum dómarrans, stutt hundinn.

Hundur sem sækir án skipunar (hleypur á skoti eða þegar fuglinn fellur) er refsað á skori sem gefið er fyrir æfinguna og hundurinn getur ekki fengið meira en 2.einkunn (hámarksstig 7 í Unghundaflokki og 6 í opnum og Elite fyrir kyn sem prófa á á kaldri bráð).



## **Heiðrun**

Hundurinn á að heiðra, eða leiðandi að koma í veg fyrir að hundur trufla stand hjá makker. Heiðrun á að verðlauna. Hundur sem er að heiðra eða hefur verið stöðvaður af leiðanda skal vera undir stjórn leiðanda á meðan makker er í fuglavinnu.

## **Hlýðni og vilji til að vinna fyrir leiðanda**

Hlýðni hundsins og vilja til að vinna fyrir leiðanda ætti að meta yfir daginn. Hundurinn ætti að vera samvinnufús og bregðast vel við ábendingum leiðanda.

Ef hundur setur fugla í loftið ætti hann að vera stöðugur og bíða eftir nýrri skipun frá leiðanda. Sama gildir um þegar fuglar fara í loftið nálægt hundinum, án þess að hundurinn setji fuglinn upp, ef hundurinn er talinn hafa tekið eftir fuglinum. Þess er ekki krafist að hundarnir tilkynni bráð en það ætti að teljast til verðleika.

## **Þol**

Þol er mikilvægt einkenni í HPR hundi. Skammur tími prófsins leyfir ekki raunverulegt mat á getu hundsins til að vinna lengur. Því ef hundur sýnir ófullnægjandi þol á stuttum próf tíma, ætti að líta á það sem alvarlegan galla.

## **Gallar sem gera hundinn vanhæfan á verðlaun í öllum flokkum eru:**

- a) Árásir á gæludýr
- b) Augljós feimni við bráð eða byssu skot
- c) Hundur sem neitar að reisa fugl / fugla
- d) Endurtekin gelt við veiðar
- e) Hundur sem veiðir ekki fyrir leiðanda sinn og svarar ekki skipunum leiðanda
- f) Truflar makker alvarlega

## **Gallar sem dæma hund úr leik í opnum, Elite og keppnis flokki, auk a-f hér að ofan eru:**

- a) Eltir bráð
- b) Neitar að sækja
- c) Neitar að heiðra eða stöðva á skipun, og þannig trufla fuglavinnu makkers.
- d) Stelur stand af makker.

## **§ 12 verðlaun**

### **1. Einkunn (Unghunda-, Opinn-, Elite flokkur)**

1. einkunn skal gefa hundi sem uppfyllir hæðstu kröfur samanber grein 10 & 11. 8-10 stig gefa fyrstu einkunn.

Í unghundaflokki er krafa um góðan veiðihuga en í öðrum flokkum skulu gæðin einkennast af veiðihuga og vel þjálfuðum hundi.

Hundar sem fá fyrstu einkunn geta einnig fengið heiðursverðlaun sem merki um framúrskarandi gæði.

## **2. einkunn (Unghunda-, Opinn-, Elite flokkur)**

2. einkunn hlýtur hundur sem uppfyllir kröfur samkvæmt 10 og 11 grein með minniháttar göllum í heildar frammistöðu. 6-7 stig jafngilda annarri einkunn.

## **3. einkunn (Unghunda-, Opinn-, Elite flokkur)**

3. einkunn á að gefa hundi sem uppfyllir kröfur um góða eiginleika. 4-5 stig gefa þriðju einkunn.

Í þessari einkunnar gjöf má horfa framhjá minniháttar frávikum hvað varðar eiginleika tegundar og þjálfunar. Grundvallarreglan er sú að hundar sem fá einkunn í prófi skulu vera nothæfir í veiði.

Röðun hunda í keppnisflokk

Hundar í keppnisflokki eru paraðir saman eftir hvert slepp og látnir hlaupa saman.

Hæfni til að finna bráð, nota vind, fumlaus reisning og stöðugleiki við uppflug og skot skulu vera atriði sem dómari metur hunda eftir. Einnig þarf að sækja í samræmi við reglur um sókn.

Til að vera raðað í sæti þarf hundur að sýna mikla hæfni og hlaupa í að minnsta kosti 30 min. Hámark 6 hundar fá sæti í keppnisflokki en aldrei fleiri en helmingur þátttakenda. Fyrsta og annað sæti má útkljá með bráðabana.

Sigurvegarinn fær viðurkenningu. Viðurkenningu fyrir sérlega góða frammistöðu. Allar kröfur um virkni í hundinum, að undanskilinni þjálfun og umsögn, skulu hafa verið sýndar.

## **§ 13 Vatnavinna**

Ástríða hunds fyrir vatni og hæfni til þess að sækja í vatni skal prófa.

Þegar leiðandi og hundur koma á prófstað skal dómari tilkynna leiðanda hver mörk prófsvæðisins eru. Tímamörk skal ekki setja fyrir þrautina en dómari getur haft afskipti hvenær sem er. Ef hundur klárar ekki í fyrstu tilraun getur hann ekki fengið fyrstu einkunn (8-10 stig.)

Leiðanda er heimilt að senda hund tvisvar frá upphafspunkti þrautar.

Hundar sem bíða eftir því að hefja próf skulu bíða þar sem þeir ekki sjá til prófstaðar.

Vatnavinnu skal prófa í ásættanlega köldu vatni.

Þegar prófið hefst skal hundurinn vera án taums og sitja u.þ.b. 1 meter frá leiðanda. Hundurinn skal eftir skipun frá leiðanda með leyfi dómara, fara ákveðið og djarflega fara í vatnið. Hundur skal hafa gott grip á bráð og skila í hönd leiðanda. Grip hunds má ekki skemma bráð. Hundur sem sýnir mótþróa skal fá refsistig. Óheimilt er að hjálpa hundi með því að skjóta aftur eða henda hlut úti vatnið.

**Þraut 1**, þraut í vatnavinnu er við opið vatn og dauðri bráð hent frá landi. Ekki er skotið. Vatnið skal vera nógu djúpt til að tryggja sé að hundurinn syndi örugglega hálfra vegalengdina.

**Þraut 2**, þraut í vatnavinnu felur í sér að leita og sækja dauðan fugl í vatn (sef ef hægt er) sem hent er í vatn um leið og skotið er. Fuglinum á að kasta nógu hátt til að leyfa hundinum að sjá hann í loftinu. Fuglinum skal kastað 40-60 metra frá upphafsstaðnum og lengdin skal aðlöguð í samræmi við skilyrði á prófunarstað og vatnshitastig.

Vatnið ætti að vera nógu djúpt til að tryggja að hundurinn sé að synda að minnsta kosti helming fjarlægðarinnar.

Í **þrautum 1 og 2** á hundur á vera án ólar og sitja u.þ.b. einn meter frá hlið leiðanda og vera rólegur við skot og þegar fugli er hent. Hundur sem hleypur af stað nær ekki fyrstu einkunn.

**Þraut 3**, þraut í vatnavinnu felur í sér blinda sókn í vatn (sef ef hægt er). Fugls bráð skal komið fyrir án þess að hundur sjái til. Ekki er skotið. Leiðanda er sýnd staðsetning á bráð. Leit hunds að bráð skal stýrt af leiðanda frá landi með skipunum (köllum eða flautu) eða tjáningum. Fugls bráð skal vera sett út á 40 til 60 metrum frá upphafspunkti og skal aðlöguð að aðstæðum á prófstað og hitastigi vatns. Vatnið skal vera nógu djúpt til að tryggja að hundur sindi að minnsta kosti helming þess. Þegar hundur er á leið til baka með fyrstu bráð skal skjóta frá landi og henda samstundis öðrum fugli í vatnið svo hundur sjái til. Seinni fuglinn skal svo hundur sækja eftir að hafa skilað fyrsta fugli örugglega til leiðanda.

## § 14 Spor (Trail retrieve)

Hæfni hundsins til að spora og sækja dauða bráð prófuð. Hundurinn á að finna bráðina með því að fylgja lyktarslóð og án frekari skipana eftir að bráð er fundin fara til baka til upphafsstaðarins og skila til leiðanda.

Ef hundi tekst þetta ekki í fyrstu tilraun nær hann ekki fyrstu einkunn (stig 8-10). Leiðanda er heimilt að endurræsa tvisvar við þrautina.

**Þraut 1 og 2** skal prófa með fiðraða eða feld bráð (ekki hófdýr). Í **þraut 3** skal nota hvaða veiðibráð sem er og vigtar 3,5-7 kg. Bráð skal vera köld. Sporið skal vera með beygjum (aðeins veikar beygjur í þraut 1) og leggja í meðvindi ef hægt er.

**Þraut 1** skal vera 100 metrar, **þraut 2** skal vera u.þ.b. 200 metrar og **þraut 3** ætti að vera u.þ.b. 300 metrar.

Upphafsstaðurinn er merktur og sýndur leiðanda í **þraut 1 og 2**. Í **þraut 3** er upphaf slóðar inní 10x10 metra merktum ferningi og hún er sýnd leiðanda. Leið sporsins skal kynnt dómara. Spora bráðin skal skilin eftir á enda slóðar, lítillaga falin.s

Í **þrautum 1 og 2** er leiðanda heimilt að sýna hundinum upphaf og stefnu slóðarinnar, eftir það á hundurinn að vinna slóðina skipulega. Í **þraut 1** getur leiðandi unnið með hundinn í taumi (lágmark 5 metra taumur) og fylgt hundi alla slóðina. Í **þraut 2** getur leiðandi notað taum (lágmark 5 metra) og fylgt

hundinum fyrstu fimm metrana af slóðinni, þá ætti að sleppa tauminum og leiðandi að snúa til baka að upphafsstað.

Í **þraut 3** er má að vera með hundinn í taumi (lágmark 5 metra) innan merkta 10x10 metra ferningsins með upphafspunktinum, hundurinn á að vera laus þegar hann fer út úr ferningnum.

Hæfni hundsins til að stilla gripið á þyngd og tegund bráðar skal meta. Hundurinn á að skila bráð í hönd leiðanda. Grip hunds má ekki skemma bráðina. Leiðandi skal vera á upphafspunkti í **þrautum 2 og 3** þegar hundur er í spori.

### § 15 Leita og sækja (Search Square)

Hér skal meta hæfileiki hundsins til að leita á tilteknu svæði, sókn, samvinnu við leiðanda og hlýðni við ábendingum.

Prófvarsvæðið á að vera 50 x 50 metrar og á að vera vel troðinn og ilma af lykt frá fólki og hundum sem ganga um svæðið. Leiðandi má færa sig eftir grunnlínu og að miðju fernings. Merkja skal horn og miðju fernings. Hundar og leiðendur sem ekki hafa þreytt þrautina mega ekki fylgjast með öðrum þreyta prófið.

Áður en prófið hefst, þannig að hundur og leiðandi sjái ekki til, skal fela fjórar bráðir hámark sjö (7) kg, af mismunandi tegund, innan ferningsins. Bráð skal vera sett jafnt út í hvern fjórðung á ferningnum. Allar fjórar sóknirnar skulu fara fram innan ferningsins. Bráðina skal reyna að setja á sama stað innan ferningsins fyrir alla hunda í sama prófi. Þegar próf byrjar skal hundur sitja u.þ.b. 1 meter frá leiðanda, fyrir aftan afmarkandi línu fernings. Leiðandi getur valið að nota skipun (kall eða flautu) eða merki til að stjórna hundi. Hundur skal skila bráð til leiðanda á upphafsstað. Horfa skal til þess hvernig grip hundur notar á bráð með hliðsjón af þyngd og tegundar bráðar. Hundur skal skila bráð í hendi leiðanda. Grip hunds á bráð má ekki skemma hana.

Hámarkstími til að klára þrautina skal ekki ákveða fyrirfram en dómari getur stoppað þrautina. Til að fá hæðstu einkunn þarf að klára allar fjórar sóknirnar. Til þess að ná prófi (4 einkunn) þarf að klára að minnsta kosti þrjár sóknir.

## § 16 innihald prófs og kröfur um verðlaun

\*Slóð, sækivinna og verður að fara fram á yfirstandandinni veiðarári (1. júlí til 30. júní) til þess að komast inn á veiðitímabilið (gul kort). Hvað varðar Ísland er þess ekki krafist að hundur hafi sýnt sérstakan árangur í sækivinnu áður en hann fer á veiðar (gul kort), niðurstöður úr prófum geta því verið geymdar á milli ára.

Prófanir fyrir **BRETON** fela í sér vettvangs- (akur, skógur eða fjall) og sækivinnu á veiðitíma. Einnig er hægt að prófa Bretona í sækivinnu á kalda bráð.

Til þess að fá 1. einkunn er krafist, í öllum flokkum, að heildarlengd hlaupa sé 60 mínútur. Til að fá verðlaun eða sæti þarf að hlaupa 30 mínútur í heild.

Þegar verðlaunum / sæti er úthlutað þarf skoða vinnu hundsins í heild, þ.mt að sækja (þó ekki krafist í unghundaflokki).

Til þess að vera settur í sæti í keppnisflokk er krafist að minnsta kosti 30 mínútna hlaupatíma.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaunin (HP) er hægt að veita í gæðaflokkunum, hana má gefa þeim hundi sem er í fyrsta sæti í keppnisflokki.

Sækipróf:

Unghundaflokkur: **þraut 1** spor og vatnavinna.

Opinnflokkur: **þraut 2** spor og vatnavinna.

Keppnisflokkur: **þraut 3** spor, vatnavinna og leita sækja í fering.

Öll sókn skal vera á kalda veiðibráð.

Prófanir fyrir **BRACCO ITALIANO** og **SPINONE ITALIANO** prófað á vettvangi (akur, skógur eða fjall), sækivinna í móa og sókn í vatn. Aðeins prófað í gæðaflokkum.

Í unghundaflokki er vatnavinna **þraut 1**, í opnum flokki er vatnavinna **þraut 2** og í keppnisflokki er vatnavinna **þraut 3**.

Hundurinn verður að hafa fengið viðurkenningu fyrir vatnavinnu til að mega fara í vettvangsvinnu. Ekki er krafist að viðurkenningin hafi verið veitt á sama veiðiári og prófið er heldur er hægt að geyma hana milli ára.

Hver hluti af prófinu er flokkaður sem 0 eða 4-10.

Til að standast prófið þarf hundurinn að fá að minnsta kosti 4 einkunn.

Til að fá 4 stig er þess krafist að lágmarks heildarhlaupatími sé 30 mínútur í öllum flokkum.

Fyrir 7 stig eða hærra er þess krafist að lágmarks heildarhlaupatími sé 60 mínútur í prófinu.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaun (HP) er hægt að úthluta.

Það er óskað að hundarnir brokki stundum þegar þeir eru að veiða. Fyrir einkunn 7 eða hærra í Elite eiga hundarnir að hafa sýnt brokk.

Stuðull fyrir **BRACCO ITALIANO** og **SPINONE ITALIANO**

UF – OF- EF	Stuðull	Hámarksstig
Veiði	10	100
Sporavinna	2	20
Vatnavinna	5	50
Samtals		170

Verðlaun	Lægsta stig	Lægsta stig í vettvangsvinnu
1: Einkunn	130	7
2: Einkunn	90	5
3: Einkunn	50	4

Prófanir fyrir **DRENTSCHE PATRIJSHOND** fela í sér veiði/vettvangsvinnu (akur, skógur og fjall), vatnavinna, spora- og sækivinnu og eru aðeins prófað í gæðaflokkum.

Í unghundaflokki er vatnavinna **þraut 1**, í opnumflokki er vatnavinna **þraut 2** og í eliteflokki er vatnavinna **þraut 3**.

Í Unghundaflokki er sporavinna **þrauti 1**, í opnumflokki er sporavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er sporavinna **þraut 3**. Í elítuflokksprófi ætti að nota loðna bráð (kanínu eða héra) fyrir sporavinnuna, ekki rándýr og það eru engar kröfur um þyngd.

Hundurinn verður að hafa staðist spora og sóknarvinna til þess að meiga fara í vettvangsvinnu innan veiðitímabilsins.

Hver hluti af prófinu er flokkað sem 0 eða 4-10.

Til að standast prófið þarf hundurinn að fá að minnsta kosti einkunn 4.

Til að fá einkunnina 4 er þess krafist að lágmarks heildarhlaupatími sé 30 mínútur í öllum flokkum.

Fyrir 7 stig eða hærra er þess krafist að lágmarks heildarhlaupatími sé 60 mínútur í prófinu.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaun (HP) er hægt að úthluta.

UF – OL – EF	Stuðull	Hámarksstig
	Allir flokkar	Allir flokkar
Vettvangsvinna	10	100
Sækivinna	2	20
Vatnavinna	5	50
Sporavinna	3	30
Samtals		200

Verðlaun	Lægsta stig	Lægsta stig í vettvangsvinnu
1: stig	160	7
2:a stig	120	5
3:e stig	80	4

Prófanir fyrir **OLD DANISH POINTING DOG** fela í sér vettvangsvinnu (akur, skógur og fjall), vatnavinnu, spora- og sækivinnu.

Í unghundaflokki er vatnavinna **þraut1**, í opnumflokki er vatnavinna **þraut 1** og í Eliteflokki er vatnavinna **þraut 2**.

Í Unghundaflokki er sporavinna **þraut 1**, í opnumflokki er sporavinna **þraut 1** og í Eliteflokki er sporavinna **þraut 2**.

Hundurinn verður að hafa staðist spora og sóknarvinnu til þess að meiga fara í vettvangsvinnu innan veiðitímabilsins. Hundur sem hefur staðist sækipróf fyrir **þraut 1** í landi og vatni þarf ekki að taka nýtt próf til að fara yfir í opinnflokk á sama veiðitímabili.

Hver hluti af prófinu er flokkað sem 0 eða 4-10.

Til að standast prófið þarf hundurinn að fá að minnsta kosti einkunn 4.

Til að fá 4 stig er þess krafist að lágmarks heildarhlaupatími sé 30 mínútur í öllum flokkum.

Fyrir 7 stig eða hærra er þess krafist að lágmarks heildarhlaup tími sé 60 mínútur í prófinu.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaun (HP) er hægt að úthluta.

		Stuðull	Stuðull	Hámarksstig	Hámarksstig
UF og OF	Elite	UF og OF	Elite	UF og OF	Elite
Vettvangsvinna	Vettvangsvinna	10	10	100	100
Sækivinna	Sækivinna	2	2	20	20
Vatnavinna	Vatnavinna	5	5	50	50
Sporavinna	Sporavinna	3	3	30	30
	Square	-	3	-	30
Samtals				200	230

Verðlaun	Lægsta stig UF og OF	Lægsta stig Elite	Lægsta stig í vettvangsvinnu
1: einkunn	160	184	7
2: einkunn	120	138	5
3: einkunn	80	92	4



Prófanir fyrir **GRIFFON D'ARRET À POIL DUR / KORTHALS** fela í sér vettvangsvinnu (akur, skógur og fjall), vatnavinnu, spora- og sækivinnu. Í Eliteflokki er einnig leit í ferringi.

Í unghundaflokki er vatnavinna **þraut 1**, í opnumflokki er vatnavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er vatnavinna **þraut 3**.

Í Unghundaflokki er sporavinna **þraut 1**, í opnumflokki er sporavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er sporavinna **þraut 3**, en þar má nota ref sem bráð.

Ferningsleitareitur í prófi á minnst ein af fjórum bráðum að vera rándýr t.d. refur.

Hundurinn verður að hafa staðist spora og sóknarvinna til þess að meiga fara í vettvangsvinnu innan veiðitímabilsins.

Hver hluti af prófinu er flokkað sem 0 eða 4-10.

Til að standast prófið þarf hundurinn að fá að minnsta kosti einkunn 4.

Til að fá 4 stig er krafist að lágmarki heildarhlaupstími 30 mínútur í öllum flokkum.

Fyrir 7 stig eða hærra er krafist að lágmarki að heildarhlaupatími sé 60 mínútur í prófinu.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaun (HP) er hægt að úthluta.

		Stuðull	Stuðull	Hámarksstig	Hámarksstig
UF – OF	Elite	UF – OF	Elite	UF – OF	Elite
Vettvangsvinna	10	10	10	100	100
Sækivinna	2	2	2	20	20
Vatnavinna	5	5	5	50	50
Sporavinna	3	3	3	30	30
Ferningsleitarreitir	-	3	3	-	30
Samtals				200	230

Verðlaun	Lægsta stig UF – OF	Lægsta stig í Elite	Lægsta stig í vettvangsvinnu
1: einkunn	130	7	7
2: einkunn	90	5	5
3: einkunn	50	4	4

Prófanir fyrir **Stabijhoun** fela í sér vettvangsvinnu (akur, skógur og fjall), vatnavinnu, spora- og sækivinnu. Í Eliteflokki er einnig ferningsleitarreitir.

Í unghundaflokki er vatnavinna **þraut 1**, í opnumflokki er vatnavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er vatnavinna **þraut 3**.

Í Unghundaflokki er sporavinna **þraut 1**, í opnumflokki er sporavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er sporavinna **þraut 3**.

Hundurinn verður að hafa staðist spora og sóknarvinna til þess að meiga fara í vettvangsvinnu innan veiðitímabilsins.

Hver hluti af prófinu er flokkað sem 0 eða 4-10.

Til að standast prófið þarf hundurinn að fá að minnsta kosti einkunn 4.

Til að fá 4 stig er krafist að lágmarki heildarhlaupstími 30 mínútur í öllum flokkum.

Fyrir stig 7 eða hærra er krafist að lágmarki að heildarhlaupatími sé 60 mínútur í prófinu.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaun (HP) er hægt að úthluta.

		Stuðull	Stuðull	Hámarksstig	Hámarksstig
UF – OF	Elite	UF OF	Elite	UF – OF	Elite
Vettvangsvinna	Vettvangsvinna	10	10	100	100
Sækivinna	Sækivinna	2	2	20	20
Vatnavinna	Vatnavinna	5	5	50	50
Sporavinna	Sporavinna	3	3	30	30
	Vettvangsleitarreitir	-	3	-	30
Samtals				200	230

Verðlaun	Lægsta stig UF – OF	Lægsta stig í Elite	Lægsta stig í vettvangsvinnu
1: einkunn	160	184	7
2: einkunn	120	138	5
3: einkunn	80	92	4

Prófanir fyrir **Weimaraner** fela í sér vettvangsvinnu (akur, skógur og fjall), vatnavinnu, spora- og sækivinnu. Í Eliteflokki er einnig ferningsleitareitur.

Í unghundaflokki er vatnavinna **þraut 1**, í opnumflokki er vatnavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er vatnavinna **þraut 3**.

Í Unghundaflokki er sporavinna **þrauti 1**, í opnumflokki er sporavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er sporavinna **þraut 3**, en þar má nota ref sem bráð.

Ferningsleitareitur, í prófi á ein af fjórum bráðum að vera rándýr.

Hundurinn verður að hafa staðist spora og sóknarvinna til þess að meiga fara í vettvangsvinnu innan veiðitímabilsins.

Hver hluti af prófinu er flokkað sem 0 eða 4-10.

Til að standast prófið þarf hundurinn að fá að minnsta kosti einkunn 4.

Til að fá 4 stig er krafist að lágmarki heildarhlaupstími 30 mínútur í öllum flokkum.

Fyrir stig 7 eða hærra er krafist að lágmarki að heildarhlaupatími sé 60 mínútur í prófinu.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaun (HP) er hægt að úthluta.

		Stuðull	Stuðull	Hámarksstig	Hámarksstig
UF – OF	Elite	UF – OF	Elite	UF – OF	Elite
Vettvangsvinna	10	10	10	100	100
Sækivinna	2	2	2	20	20
Vatnavinna	5	5	5	50	50
Sporavinna	3	3	3	30	30
Vettvangsleitareitur	-	3	3	-	30
Samtals				200	230

Verðlaun	Lægsta stig UF – OF	Lægsta stig í Elite	Lægsta stig í vettvangsvinnu
1: einkunn	160	184	7
2: einkunn	120	138	5
3: einkunn	80	92	4

Prófanir á tegundum utan sérstakra reglna (**Breeds without specific regulations**) fela í sér vettvangsvinnu (akur, skógur og fjall), vatnavinnu, spora- og sækivinnu og eru eingögu prófaði ó gæðaflokkum.

Í unghundaflokki er vatnavinna **þraut 1**, í opnumflokki er vatnavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er vatnavinna **þraut 2**.

Í Unghundaflokki er sporavinna **þrauti 1**, í opnumflokki er sporavinna **þraut 2** og í Eliteflokki er sporavinna **þraut 2**.

Hundurinn verður að hafa staðist spora og sóknarvinnu til þess að meiga fara í vettvangsvinnu innan veiðitímabilsins.

Hver hluti af prófinu er flokkað sem 0 eða 4-10.

Til að standast prófið þarf hundurinn að fá að minnsta kosti einkunn 4.

Til að fá 4 stig er krafist að lágmarki heildarhlaupstími 30 mínútur í öllum flokkum.

Fyrir stig 7 eða hærra er krafist að lágmarki að heildarhlaupatími sé 60 mínútur í prófinu.

Hundur sem hefur ekki fundið fugl meðan á prófi stendur getur verið skráður sem "EFF" (sænska "ej för fågel" sem þýðir ekki fugl í sleppi).

Heiðursverðlaun (HP) er hægt að úthluta.

		Hámarksstig	Hámarksstig
		Allar tegundir	Allar tegundir
	Vettvangsvinna	10	100
	Sækivinna	2	20
	Vatnavinna	5	50
	Sporavinna	3	30
	Samtals		200

	Verðlaun	Lægsta stig	Lægsta stig í vettvangsvinnu
	1: einkunn	160	7
	2: einkunn	120	5
	3: einkunn	80	4

## § 17

### Útilokun frá prófi

Dómari getur útilokað hunda frá prófi ef leiðandinn er ekki tilbúinn að fylgja fyrirmælum dómara. Ef hundurinn er byssuhræddur, árásargjarn gagnvart fólki og/eða öðrum hundum, eða ef hundurinn samkvæmt dómaraminum er í augljóslega í slæmu líkamlegu ástandi.

Dómari eða prófstjóri munu útiloka hundinum ef leiðandinn lemur hundinn.

Dómara og/eða prófstjóra er skylt að tilkynna slíkt atvik til stjórnar deildarinnar.

Hægt er að útiloka hundinn frá prófi ef leiðandi óskar þess.

### **Leiðbeiningar um skipulagningu prófa**

#### **Leiðbeiningar fyrir prófstjóra**

Prófstjóri verður að vera viðstaddur þegar prófið hefst og endar og á að vera hægt að nálgast hann þess á milli.

#### **Leiðbeiningar fyrir skyttu**

Skytta getur ekki tekið þátt í prófinu (nema í skógaprófum) sem leiðandi hunds.

#### **Leiðbeiningar um skógapróf**

Munurinn á skógar-, vettvangs og fjallprófum er að prófað er í UF, OF og Eliteflokki í skógaprófum.

#### **Almennt**

Aðalega er prófað í skógi með bráð sem finnst á því svæði.

Fjöldi hunda á dómara á dag: Hámark sjö (7).

Prófstjóri útnefnir skyttu. Leiðandi getur skotið fyrir eigin hund, ef dómari samþykkir það.

#### **Rásröð**

Aðeins er einn hundur í hverju hlaupi í keppni.

#### **Dómgæsla**

Hundurinn skal veiða í samræmi við landslag, veiða fyrir leiðanda og vera skilvirkur. Hundurinn skal vera í góðu sambandi við leiðanda. Þess er ekki krafist að hundar tilkynni bráð en það ætti að teljast til verðleika. Að get kallað hund úr standi er ekki skilyrði en telst til verðleika.

#### **Leiðbeiningar fyrir sérpróf (sænska: Särskilt próf)**

Í sérprófum þurfa þátttakendur sjálfir að velja svæði fyrir prófið. Að minnsta kosti þrjú hundar og tveir leiðendur verða að taka þátt. Deild tegundarinnar ber ábyrgð á því að prófið fari fram á réttan hátt. Sömu kröfur eru gerðar til prófstjóra og í venjulegum prófum.

#### **Staður**

Allir meðlimir sem hafa aðgang að aðgengilegum stað til að halda einkapróf geta sótt um slíkt til ræktunarklúbbs. Ræktunarklúbburinn skal láta HRFÍ vita ekki seinna en þremur dögum fyrir próf.

#### **Flokkar**

Í einkaprófum er prófað í unghundaflokki, opnumflokki og Eliteflokki í skiptu prófi eða fullu prófi, prófað er í sækihluta, vatnavinnu og/eða vettvangsvinnu.

#### **Skráning**

Skráning er gerðar í samræmi við reglur settar af ræktunarfélaginu.

## **Fjármál**

Prófstjóri sér um framkvæmd fjármála varðandi prófið. Prófstjórinn heldur utan um skráningargjöld og annan kostnað. Prófstjórinn greiðir dómara og starfsmönnum auk gjalda til jarðareigenda.

Gjaldskráin er sett af ræktunarfélaginu.

Prófstjórinn skal leggja fram upplýsingar um fjárhag til ræktunarklúbbs.

## **Skorblöð** (sænska "Generalprotokoll")

Prófstjóri er ábyrgur fyrir því að setja upp skorblöð og ganga frá niðurstöðum prófsins sem eiga að vera undirritaðar af dómara og prófstjóra. Prófið á að vera fært til bókar hjá ræktunarklúbbi, sem síðan skilar af sér til HRFÍ, eins fljótt og auðið er. Skýrsla prófsins skal síðan send til HRFÍ innan 3 vikna frá þeim degi sem prófin/prófið fór fram.

- o - o - o - o -

## **Leiðbeiningar fyrir dómara**

Dómari skal framkvæma mat á hundunum samkvæmt eigin óskum innan gildandi reglna, byggt á eigin reynslu sinni sem veiðimaður með bendihundum. Dómari er hvattur til að fylgjast sérstaklega með eiginleikum hundsins sem eru mikilvæg fyrir veiði. Hæfni hundsins til að finna bráð og hversu vel hann nýtir veiðitækifærið.

## **Prófsvæðið**

Það er á ábyrgð dómara að nota úthlutað svæði viðeigandi hátt og að ákveða og tilkynna göngu stefnu á fyrir hvert slepp.

## **Menntun**

Dómarar skulu í samráði við og eftir beiðni frá deildinni hafa umsjón með dómaranemum og prófa nýja dómara.

## **Opin umsögn**

Til að auðvelda þátttakendum og áhorfendum að fylgja prófinu er gert ráð fyrir að dómariinn gefi opna umsögn ef unnt er eftir hvert hlaup - og þar með að deila skoðunum sínum á hundunum. Dómari á að tilkynna þegar það er viðeigandi hvaða hundar hafa lokið prófi og hverjir geti haldið áfram. Ef hundur er útilokaður frá prófi vegna galla skal dómari tilkynna um það strax.

**Titlar sem eiga við um meginlandshundapróf en eru ekki hluti af reglurverkinu um prófið sjálft. En eru veittir eins og hér segir.**

**Íslenskur veiðimeistari ISFtCh** (Sænskur titill SE JCh)

**Grosser münsterländer, kleiner münsterländer, korthårig vorsteh, långhårig vorsteh, strävårig vorsteh ungersk vizsla, weimaraner:**

Tvisvar 1. einkunn í eliteflokki í Svíþjóð/Ísland. Vera með samþykkt gæðamat í spori á villtabráð. Lægst með Very good eða 2.einkunn í dómi á sýningu eftir 15 mánaða aldur.

**Breton:**

Prisvar 1. einkunn í eliteflokki til viðbótar vottunar(certifikat) úr keppnisflokki(segrarklass) á veiðiprófi gefið af minnst tveim dómurum og þá að lágmarki eitt þar sem fugl er felldur.\* Ein 1.einkunn í eliteflokki má skiptast út fyrir sambærilegan árangur merit á prófi frá norðurlöndum. Ein 1.einkunn í eliteflokki má skiptast út fyrir 1.einkunn á fullbrúksprov. Þá má vera ein 1.einkunn sem fenginn er á sérstökuprófi. Lægst Very good eða 2.einkunn í dómi á sýningu eftir 15 mánaða aldur.

**Epagneul francais, bracco italiano, spinone:**

Tvisvar 1. einkunn í eliteflokki gefið af minnst tveim dómurum og þá að lágmarki eitt þar sem fugl er felldur. Þá má vera ein 1.einkunn sem fenginn er á sérstökuprófi. Ein 1.einkunn í eliteflokki má skiptast út fyrir sambærilegan árangur merit á prófi frá norðurlöndum. Ein 1.einkunn í eliteflokki má skiptast út fyrir 1.einkunn á fullbrúksprov. Lægst very good eða 2.einkunn í dómi á sýningu eftir 15 mánaða aldur.

### **Aðrar tegundir í grúppu 7**

Tvisvar 1. einkunn í eliteflokki gefið af minnst tveim dómurum og minnst eitt próf þar sem fugl fellur eða kastað. Þá má vera ein 1.einkunn sem fenginn er á sérstökuprófi. Ein 1.einkunn í eliteflokki má skiptast út fyrir sambærilegan árangur merit á prófi frá norðurlöndum. Ein 1.einkunn í eliteflokki má skiptast út fyrir 1.einkunn á fullbrúksprov. Vera með samþykkt gæðamat í spori á villtabráð eða lægst 3. Einkunn í spori á villta bráð frá einu af norðurlöndunum. Lægst Very good eða 2.einkunn í dómi á sýningu eftir 15 mánaða aldur.

**Sjá nánari útslistun á blaðsíðu 76 í skjal SKK á link hér að neðan.**

[https://www.skk.se/globalassets/dokument/utställning/utställnings-och-championatregler-t35.pdf?t\\_id=1B2M2Y8AsgTpgAmY7PhCfg%3d%3d&t\\_q=regler+gruppe+7&t\\_tags=andquerymatch%2clanguage%3asv%7clanguage%3a7D2DA0A9FC754533B091FA6886A51C0D%2csiteid%3a821afd82-44fd-4b1f-8345-260bc2345d00%7csiteid%3a84BFAF5C52A349A0BC61A9FFB6983A66%2clanguage%3asv&t\\_ip=192.168.20.142&t\\_hit.id=Skk\\_Skk\\_se\\_Business\\_Models\\_Media\\_GenericMedia/\\_ae303d50-c295-43c6-a0f3-350f32a4ff8f&t\\_hit.pos=11](https://www.skk.se/globalassets/dokument/utställning/utställnings-och-championatregler-t35.pdf?t_id=1B2M2Y8AsgTpgAmY7PhCfg%3d%3d&t_q=regler+gruppe+7&t_tags=andquerymatch%2clanguage%3asv%7clanguage%3a7D2DA0A9FC754533B091FA6886A51C0D%2csiteid%3a821afd82-44fd-4b1f-8345-260bc2345d00%7csiteid%3a84BFAF5C52A349A0BC61A9FFB6983A66%2clanguage%3asv&t_ip=192.168.20.142&t_hit.id=Skk_Skk_se_Business_Models_Media_GenericMedia/_ae303d50-c295-43c6-a0f3-350f32a4ff8f&t_hit.pos=11)

